

Reykjavík, 21. ágúst 2019

Borgarráð  
Ráðhúsi Reykjavíkur

**Efni: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um kostnað við rekstur mötuneytis í Ráðhúsi og á Höfðatorgi - R19080089**

**Fyrirspurnin:**

Hver eru heildarkostnaður árlega af rekstri mötuneyta í Höfðatorgi og Ráðhúsinu?

**Svar:**

Gengið er út frá því vísu að verið sé að spyrja um heildarkostnað borgarinnar, þ.e. án framlags starfsmanna sjálfra vegna kostnaðar máltíða.

Það sem lagt er til grundvallar heildarkostnaði borgarinnar við rekstur mötuneyta Ráðhúss og Höfðatorgs, er annars vegar mótframlag Reykjavíkurborgar vegna máltíða starfsfólks og hins vegar rafmagnskostnaður. Rétt er að taka fram að orkukostnaðurinn er áætlað hlutfall þess húshluta sem eldhúsin tilheyrir. Máltíðir eru eldaðar á Höfðatorgi og rafmagnskostnaðurinn endurspeglar það. Ekki er gert ráð fyrir húsnæðiskostnaði að öðru leyti, þar sem útlagður kostnaður vegna þess er hinn sami hvort sem þar eru rekin mötuneyti eða ekki.

Uppgefinn kostnaður er fyrir árin 2017-2018, ásamt fyrstu 6 mánuðum 2019. Aukinn kostnaður milli ára skýrist af a) verðhækkun máltíða á tímabilinu b) auknum fjölda seldra máltíða.

**2017**

Mótframlag Reykjavíkurborgar Ráðhús:	17,4 mkr.
Mótframlag Reykjavíkurborgar Höfðatorg:	50,2 mkr.
Rafmagnskostnaður Ráðhús:	1,0 mkr.
Rafmagnskostnaður Höfðatorg:	2,8 mkr.
<b>Samtals:</b>	<b>71,4 mkr.</b>

**2018**

Mótframlag Reykjavíkurborgar Ráðhús:	18,1 mkr.
Mótframlag Reykjavíkurborgar Höfðatorg:	56,4 mkr.
Rafmagnskostnaður Ráðhús:	1,0 mkr.
Rafmagnskostnaður Höfðatorg:	2,8 mkr.
<b>Samtals:</b>	<b>78,3 mkr.</b>



Reykjavíkurborg  
Þjónustu- og nýsköpunarsvið

**2019 – fyrstu 6 mán.**

Mótframlag Reykjavíkurborgar Ráðhús:	8,3 mkr.
Mótframlag Reykjavíkurborgar Höfðatorg:	30,1 mkr.
Rafmagnskostnaður Ráðhús:	0,5 mkr.
Rafmagnskostnaður Höfðatorg:	1,5 mkr.
<b>Samtals:</b>	<b>40,4 mkr.</b>

Virðingarfyllt,  
Halldór Nikulás Lár  
Skrifstofustjóri rekstrarþjónustu PON